



Alþingi
Erindi nr. P 135/2577
komudagur 7.5.2008

Skrifstofa rektors

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 5. maí 2008
Tilv.: 0804079

Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um opinbera háskóla, 546. mál, heildarlög.

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið að láta í ljós álit sitt á frumvarpinu.

Háskólinn á Akureyri er meðmæltur þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér að ein heildarlöggjöf gildi um opinbera háskóla í stað þeirra sérlaga sem nú gilda um Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Sérlæggin um þessa tvo háskóla hafa að ýmsu leyti verið hliðstæð og miðað við núverandi stöðu þessara tveggja háskóla fer vel á því að þeir heyri undir sömu löggjöf.

Tekið er undir þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu sem fjalla um stjórnslu og stjórnskipulag. Skipting háskóla í skóla og deildir, sbr. 4. gr. og 11. gr., ætti að styrkja akademíska stjórnslu innan háskóla og stuðla að því að ákvarðanir um akademísk málefni, kennslu, rannsóknir og stoðþjónustu verði teknar sem næst vettvangi.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á skipan háskólaráðs, sbr. 6. gr. eru jákvæðar. Með þeim er ákveðnu jafnvægi náð milli þeirra sjónarmiða að háskólaráðið sé skipað innanfrá eða utanaðkomandi fulltrúar sitji þar. Fjölgun utankomandi aðila í háskólaráði getur styrkt starfsemi háskóla út á við. Þróun þekkingarsamfélagsins er ör og háskólar þurfa á öflugum bandamönnum og tengiliðum að halda sem geta komið frá ýmsum sviðum þjóðlífsins. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að þeir tveir fulltrúar sem háskólaráðsfulltrúar velja inn í ráðið hafi sterka faglega innsýn í starfsemi háskóla. Einnig er vakin athygli á því að í nágildandi lögum um Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands er kveðið á um að fulltrúar kennara sitji í háskólaráði en samkvæmt frumvarpinu er sú skipan ekki lengur trygg.

Varðandi veitingu starfa sbr. 17. gr. er fagnað þeirri valddreifingu sem kemur fram í því að forsetar veiti akademísk störf. Jafnframt er mikilvægt að svigrúm til ráðninga án auglýsinga er aukið nokkuð frá því sem nú er en það er mikilvægt í þeirri hörðu samkeppni sem háskólar eru í um starfsfólk. Þá er einnig jákvætt að ráðningaform er gert sveigjanlegra og gert ráð fyrir tímabundnum ráðningasamningum um akademísk störf til fimm ára.



Skrifstofa rektors

Í umfjöllun um fjárhagsmálefni, sbr. 24. gr. er saknað úrbóta á þeirri mismunun í fjármögnun sem er á milli opinberra háskóla og einkaháskóla. Stjórnvöld hafa gefið einkaskólum einkaleyfi til að leggja skólagjöld á nemendur til viðbótar við þær fjárveitingar sem einkaskólar fá frá ríkinu en þær eru fyllilega sambærilegar við þær sem opinberu háskólarnir fá. Nemendur einkaháskólanna fá lánað fyrir skólagjöldum frá LÍN og eru þau lán niðurgreidd af ríkinu þannig að reikna má með að lánþegar endurgreiði aðeins um helming lánsupphæðarinnar. Ríkisvaldið er því að greiða verulegar upphæðir inn í rekstur einkaskólanna með niðurgreiddum skólagjaldalánunum. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um lán til greiðslu skólagjalda innanlands kom fram að LÍN hefur lánað nemendum Háskólans í Reykjavík næstum einn milljarð kr. í skólagjaldalán á árunum 2001-2007. Á sama tíma hefur LÍN lánað nemendum Háskólans á Bifröst 735 millj. kr. Allar þessar upphæðir eru á verðlagi hvers árs. Á þessu tímabili er meðalupphæð hvers skólagjaldaláns til nemenda HR u.þ.b. 236.000 kr. og til nemenda Bifrastar tæpar 400.000 kr. Þetta þýðir m.a. að Bifröst er að innheimta ámóta upphæð í skólagjöldum sem eru niðurgreidd af ríkinu og sem nemur ársnemendaframlagi ríkisins til Bifrastar.

Til að ráðast gegn þessari mismunun koma tvær leiðir helst til greina, annars vegar að heimila opinberum háskólum að innheimta skólagjöld og hins vegar að ríkisvaldið greiði opinberu háskólunum þann mismun sem einkaháskólarnir innheimta með skólagjöldum. Það er verkefni löggjafans að segja til um hvor leiðin verði farin en núverandi mismunun er óásættanleg.

Athugasemdir við einstök ákvæði:

Lagt er til að fyrir aftan 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins bætist ný mgr. sem orðist svo: “Þessir háskólar eru Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands.” Ef þessir háskólar eru ekki nefndir á nafn í löggjöfinni getur framkvæmdavaldið lagt þessa háskóla niður eða sameinað þá án þess að Alþingi hafi nokkra aðkomu að þeirri ákvörðun.

Sú athugasemd er gerð við 6. gr. að þar er ekki gert ráð fyrir verkaskiptingu innan ráðsins fyrir utan að rektor er formaður þess. Þar kæmi e.t.v. til álitu að kveða á um að rektor sæti í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar og annar fulltrúi ráðsins en hann yrði þá formaður háskólaráðs. Þessi skipan yrði í samræmi við þá þróun sem er að verða í sumum öðrum norrænum háskólum.

Í 3. mgr. 19. gr. er rætt um “forseta þeirrar deildar” en hér hlýtur að vera átt við annaðhvort forseta skóla eða formann deildar.

Í 25. gr. stendur ranglega Háskóli Íslands en þar ætti að standa háskóli.

Í ákvæði til bráðabirgða er óljóst hvenær umboð núverandi háskólaráða opinberu háskólanna fellur niður, sjá einnig 29. gr. Þetta atriði þyrfti að skýra betur.

Einnig er í ákvæði til bráðabirgða farið rangt með nöfn deilda Háskólans á Akureyri. Þær eru sem kunnugt er félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisdeild, kennaradeild og




Skrifstofa rektors

viðskipta- og raunvísindadeild. Þann 1. ágúst 2008 sameinast félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild í eina deild, hug- og félagsvísindadeild.

Að teknu tilliti til áðurnefndra athugasemda mælir Háskólinn á Akureyri með því að umrætt lagafrumvarp öðlist gildi sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor